

Ed.

529. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta er eitt stjórnarfrumvarpið enn um tilfærslu valds og nafnaskipti. Láta-
læti og hopp til hliðar ellegar aftur á bak.

Yfirstjórn verðlagsmála, sem Innflutningsskrifstofan hefur haft með hönd-
um, er afnumin. Í staðinn er sett á laggirnar fimm manna verðlagsnefnd.

Flutningsmenn frumvarpsins hafa ekki jafnhátt um þetta mál og sum önnur.
Þeir láta hött slúta og skotra augum. Hvað veldur feimnissvipnum?

Þeir höfðu boðað frjálsa verzlun, nóg vöruval, heilbrigða samkeppni og lækk-
andi vöruverð sjálfkrafa þar af leiðandi. Nú er frumvarp þetta sönnun þess, að
þeir treysta ekki á boðskap sinn og trúa ekki sjálfum sér.

„Ljúga að öðrum er ljótur vani,
ljúga að sjálfum sér hvers manns bani.“

Auðvitað er mönnunum þetta ljóst og geta ekki leynt því, að þeir finna til þess.

Framsóknarmenn í neðri deild báru fram breytingartillögur til lagfæringar á
frumvarpinu. Þær voru kolfelldar. Af því er ljóst, að stjórnarflokkarnir vilja alls
ekki láta laga fót á þessu barni veikleika þeirra.

Ég mun þess vegna láta frumvarpið afskiptalaust og enga breytingartillögu
við það flytja.

Mér finnst fara vel á því að láta alveg ótruflaða þá meinlegu gamansemi
örlaganna, að stjórnarflokkarnir eftir stóru orðin um sína frjálsu verzlun sam-
þykki þetta frumvarp — og þar með vantraust á sjálfa sig.

Alþingi, 26. maí 1960.

Karl Kristjánsson.